



Kennari	Hannesína Scheving hannesina@vma.is	Sk.st.	HAN
----------------	---------------------------------------------------------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Í áfanganum er fjallað um mikilvægi góðra samskipta milli manna. Fjallað er um mikilvægi samkenndar, jafnréttis, mannvirðingar og mannréttinda í samskiptum. Farið er í eflandi samskipti sem byggja á virðingu og fordómaleysi á jafnréttisgrundvelli. Fjallað er um áhrif ólíkra menningarheima og tjáskiptareglna á mótun samskipta einstaklinga, hópa og þjóða. Farið er í áhrif sjálfsmyndar og sjálfstrausts á samskipti og hvað heilbrigðisstarfsmenn þurfa að hafa í huga í samskiptum við skjólstæðinga, samstarfsfólk og aðstandendur.

Forkröfur: Engar

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi góðra samskipta
- mikilvægi eflandi samskipta, sem byggja á virðingu, samkennd, fordómaleysi og jafnrétti
- áhrifum ólíkra menningarheima á samskipti
- áhrifum sjálfsmyndar og sjálfskilnings á samskipti
- aðstæðum sem geta haft áhrif á samskipti
- hvernig heilbrigðisstarfsmenn geta notað samskipti á árangursríkan hátt

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja sig í spor annarra í samskiptum
- sýna samkennd, virðingu og fordómaleysi í samskiptum
- nota samskiptareglur og viðtalstækni á áhrifaríkan hátt í samskiptum
- læra af eigin samskiptum og annarra

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- eiga góð samskipti við annað fólk án tillits til stöðu, aldurs eða þjóðemis
- eiga farsæl samskipti við skjólstæðinga og samstarfsfólk í starfi
- leysa samskiptaerfiðleika af þekkingu og virðingu fyrir sjónarmiðum allra hlutaðeigandi

Námsgögn: Efni frá kennara sett á Innu og bókin Samskipti eftir Pálmar

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/ lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Vika 35	Kynning á áfanganum. Hvað eru samskipti? Hvernig og hvar fara þau fram? Hvað er mikilvægast í samskiptum?	Verkefni	4%
Vika 36-37	Fordómar, hugmyndir um annað fólk. Samskipti við fólk af erlendum uppruna í íslensku heilbrigðiskerfi. Er hjúkrun samskiptastarf?	Verkefni/mynd	4%

SASK2SS05 Haust 2021



Verkefnaskólinn á Akureyri

Vika 37-40	Hlustun, virk hlustun, samskiptahættir í hjúkrun	Viðtalsverkefni	15%
Vika 41	Tjáskipti, óákveðni og fl.	Annarpróf	25%
Vika 41-43	Líkamstjáning, tjáskipti með og án orða, áhrif orðavals í samskiptum, árangursrík samskipti	Verkefni Verkefni	4% 4%
Vika 44-46	Samskipti við aðstandendur veikra einstaklinga. Kulnun í starfi	Verkefni Úrdráttur úr grein	4% 7%
Vika 47-48	Að ræða „erfið“ mál við skjólstæðinga, „erfiðir“ einstaklingar, einelti, meðvirkni	Verkefni Annarpróf 2	4% 25%
Vika 49	Að efla sjálfan sig í samskiptum- vinnustaðurinn	Verkefni	4%

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform: <input checked="" type="checkbox"/> Símat <input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
Annarpróf 1	Um miðja önn	25%
Annarpróf 2	Í lok annar	25%
Samtalsverkefni	Viðtal við einstakling/samskiptahættir notaðir	15%
Greinarverkefni	Úrdráttur úr greinum. 7%	7%
Verkefni	Nemendur skila 7. verkefnum sem lögð verða fyrir á önninni. 4% hvert	28%
	Samtals:	100%
Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.		
Annað: ATH: Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma. Verkefni lekkar um hálfan fyrir hvern dag sem fer fram yfir skiladag. Ekki er tekið við verkefnum viku eftir skiladag.		

Áfanginn er próflaus símatáfangi, en nemandi þarf að ná 4.0 í annarprófunum og skila öllum ofangreindum þáttum til að ná áfanganum og skila öllu á réttum tíma.

Dagsetning: 16.08.2021

Hannesarinn Jón

Undirritun kennara

Inga B. Ólafsd.

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils